



# Ársskýrsla 2011 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Ólafur H. Sigurjónsson, skólameistari FÍV    1. mars 2012



## **Efnisyfirlit:**

Inngangur.....	bls 2
Nemendur.....	bls 2
Námið.....	bls 3
Kennsla og stjórnun.....	bls 3
Rekstur og fjármál.....	bls 4
Talnaefni.....	bls 5

### **1. Inngangur.**

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV) greinir frá helstu þáttum skólastarfsins á árinu 2010 og samskiptum við Mennta- og menningarráðuneytið (MMR), ásamt öðrum samstarfsaðilum. Í heild sinni hefur skólastarfið gengið vel, þrátt fyrir niðurskurð á rekstrarfí. Starfsfólk og nemendur eru ánægð og bæjarbúar eru nokkuð sáttir með skólann og námsframboð hans. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu [www.fiv.is](http://www.fiv.is)

### **2. Nemendur.**

Fjöldi nemenda í upphafi var 277 á báðum önnum, eftir að þeir sem ekki skiliðu sér eða hættu fljótlega voru teknir út. Í lok vorannar voru nemendur 266 og á haustönn fóru þeir niður í 258. Það er mjög óvenjulegt að færri nemendur stundi nám hjá okkur á haustönn en á vorönn. Skýringar á því eru þær helstar, að árgangurinn sem kom upp úr 10. bekk var líttill hér í Eyjum og að mikil uppgrip voru í vinnu allt sumarið og haustið 2011, þannig að margir sem við áttum von á í skólann frestuðu skólagöngu eða hættu um miðja önn, vegna góðra tekna sem buðust. Reiknaðir ársnemar 2011 voru því aðeins 215, en gert er ráð fyrir að þeim fjölgji aftur á árinu 2012. Skipting nemenda á brautir er svipuð og verið hefur, félagsfræðibraut og náttúrufraeðibraut eru með flesta nemendur (sjá nánar kafla 6, talnaefni) og það vekur líka athygli að þessar fjölmennu bóknámsbrautir halda sínu, þrátt fyrir færri nemendur í skólanum. Fækkun nemenda er því miður meiri í verknáminu og á almennu brautinni, því þeir nemendur tengjast meira áðurnefndu góðæri á vinnumarkaði í Eyjum. Á síðustu þremur árum höfum við útskrifað 117 nemendur með skilgreind lokapróf (styttri námskeið eru ekki inni í þeirri tölu), þar af eru 87 útskrifaðir með stúdentspróf, en 30 með próf af verknámsbrautum. Það vekur athygli og áhyggjur að af þessum 117 úskrifuðum eru 71 stúlka, en aðeins 46 piltar, þrátt fyrir að strákarnir hafi yfirleitt verið fleiri í hópi skráðra nemenda. Þetta verður skoðað nánar og rannsakað hvað verður um drengina.

Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum:

2. - 4. mars: Opnir dagar, með fjölbreyttum verkefnum og vel heppnaðri árshátíð.
29. mars: Árlegur kynningarfundur fyrir væntanlega nýnema haustannar og foreldra þeirra.
21. sept: Gönguferð yfir Fimmvörðuháls, rúml. 20 nemendur, tveir kennrarar og fararstjóri.
27. – 30. sept: Gestir frá Lettlandi, 2 kennrarar og 10 nemendur. Nordplus verkefni.
29. sept: Ástráður, félag læknanema kom með kynfræðslu fyrir 1. árs nemendur.
6. okt: Forvarnadagur, Maritafræðslan hélt fundi fyrir alla nemendur og alla starfsmenn.
- Í lok haustannar 2011 voru tvær kannanir lagðar fyrir nemendur. Áfangamat var lagt fyrir í nóvember í öllum áföngum og nýta kennrarar það til að bæta kennsluna, ásamt því að það er rætt í starfsmannavitölum. Svonefnt skólamat var síðan lagt fyrir í desember, þar sem spurt er um flesta þætti skólastarfsins, nám, kennslu, aðstöðu, starfsfólk ofl. Yfirleitt eru svör nemenda að staðfesta ánægju með skólastarfið. Niðurstöður skólamatins eru notaðar í sjálfsmati skólans og er sjálfsmatsskýrsla skólans 2011 komin á heimasíðu hans.

**3. Námið.**

Skólinn rekur bæði verknámsbrautir og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Einnig eru í boði ýmis námskeið, stundum í samstarfi við aðra. Á árinu 2011 voru 39 nemendur útskrifaðir, 29 með stúdentspróf af fjórum brautum, 2 sjúkraliðar, húsasmíður, 3 vélstjórar með B-réttindi og 3 úr grunnnámi rafiðna. Einn lauk starfsbraut eftir að hafa verið hjá okkur í fjögur ár og 9 karlar luku námskeiði til vélstjórnarréttinda á smábátum. Á árinu var unnið að nýrri námsbraut, framhaldsskólabraut sem lýkur með framhaldsskólaprófi og í árslok var aðeins eftir að leggja lokahönd á nokkrar áfangalýsingar. Þeirri vinnu verður haldið áfram í samvinnu við okkar samstarfsskóla, Menntaskólann á Ísafirði, Fjölbautaskólann á Sauðárkróki og Verkmenntaskóla Austurlands og stefnt er á að ljúka því vorið 2012.

Einnig var haldið áfram með ágætt samstarf við FabLab smiðju Nýsköpunarstofu Íslands í Vestmannaeyjum og ýmis fyrirtæki í bæjarfelaginu. Í ársbyrjun eignaðist skólinn nýjan vélarúmshermi til kennslu á vélstjórnarbraut, en níu útgerðir í Eyjum tóku að sér að greiða fyrir búnaðinn, tæplega 3 milljónir og fyrir það færum við þeim bestu þakkir.

Námsframboð skólans er að mestu óbreytt frá fyrri árum, fjórtán námsbrautir eru í boði og innan brauta er sumstaðar hægt að velja mismunandi línum. Vinsælustu brautirnar eru félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut með 60 % nemenda. Tvær brautir voru án nemenda á árinu 2011, húsasmíði og skipstjórnarbraut, þar sóttu svo fáir um að ekki var hægt að reka þær. Viðskiptanámið og málabraut eru með örfáa nemendur. Íþróttakademían sem fór af stað á vorönn 2011 í samstarfi skólans og ÍBV íþróttafélags, er vinsæll valkostur á flestum brautum. Verkefnið “Fisktækniskóli Íslands” sem á að halda utanum kennslu og nám í veiðum, vinnslu og fleiru, hefur tafist vegna fjárvorts, en er þó í vinnslu áfram. Á árinu létt menntamálaráðuneytið gera úttekt á íslensku kennslu og á starfsbrautum og vorum við í

úrtaki skólanna sem tóku þátt. Skýrsla með niðurstöðum úr íslenskukönnuninni er á heimasíðu ráðuneytisins, en starfsbrautaskýrslan er væntanleg vorið 2012.

#### **4. Kennsla og stjórnun.**

Á árinu 2011 voru að jafnaði 38 starfsmenn í 29,5 stöðugildum. Í kennslu voru 20 (11 kk, 9 kvk), í stjórnun og námsráðgjöf voru 4 (2 kk, 2 kvk) og í öðrum störfum voru 14 (2 kk, 12 kvk). Starfsmenn skólans tóku nú í fyrsta skipti þátt í könnuninni “stofnun ársins”, þar sem spurt er um átta mismunadi þætti sem tengjast vinnunni. Svarhlutfall var viðunandi 60-69% og heildareinkunn var 4,03 (af 5, sem enginn náði), sem er alveg ágætt. Skólinn var í 29. sæti af 85 í flokki minni stofnana og í 6.-7. sæti í hópi allra ríkisrekinna framhaldsskóla landsins. Við ákváðum straks að fella þessa könnun inn í okkar sjálfsmat, eins og fleiri kannanir. Í maílok fór stór hluti starfsmanna í heimsókn til Finnlands og skoðuðu skóla í Helsinki og fengu fræðslu um framhaldsskólkakerfið þar í landi. Á vormánuðum var ákveðið að taka upp opinn hugbúnað, sem er um leið ókeypis. Fyrstu skrefinn voru stigin á haustönn og gengu þau ágætlega og þessum breytingum á að vera alveg lokið vorið 2012.

Haustið 2010 var ákveðið að halda skólaufundi tvívar á vetrí og að virkja nemendur í breytingavinnu með okkur. Við vildum breyta svokallaðri busavígslu og fá meiri fjölbreytni í félagslífið. Fyrri fundurinn (sept 2010) ræddi þessi mál og lagði línur fyrir hóp sem átti að undirbúa annan fund á vorönn 2011. Sá fundur var haldinn 4. apríl og þar voru allir starfsmenn, allir nemendur og gestir sem tengdust félagslífi (félagsmálafulltrúi bæjarins, lögregla og fulltrúar foreldra). Þáttakendum var skipt í hópa og málin rædd í þaula. Hóparnir kynntu síðan niðurstöður sínar og hugmyndir. Helsta markmið skólastjórnenda var að koma busavígslu í betra horf, sérstaklega að losna við ólæti í bænum sem voru árleg þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að breyta því. Þess vegna var sérstaklega rætt um breytingar á vígslunni í hópum á fundinum. Fyrir skólalok var komin sameiginleg ákvörðun um framkvæmd á móttoku nýnema (busavígslu nafnið lagt niður), hvað mætti og hvað ekki. Haustið 2011, bólaði hvergi á neinum ólátum og inntökuathöfn var til fyrirmynadar og skemmtileg fyrir alla. Við erum viss um að breytingin gekk svona vel vegna þess að nemendur eiguðu sér ákvörðunina og tóku því fulla ábyrgð á henni. Við viljum koma fleiri ákvörðunum í þennan farveg eða svipaða og þurfum því að móta ýmsa verkferla og breyta samskiptum innan skólans. Skólaufundur haustannar 2011 fyllaði um “heilsueflandi framhaldsskóla”, en skólinn er orðinn aðili að því verkefni og alsherjarskólaufundur vorsins 2012 mun verða vinnufundur og hugmyndasmiðja starfsmanna, nemenda og gesta. Fyrstu skrefin í heilsueflingu voru stigin á haustönn, með því að bjóða uppá reglulegar mælingar á blóðþrýstingi og blóðsykri fyrir starfsfólk, ásamt fræðslu um manneldismarkmið og hreyfingu fyrir alla. Einnig eignaðist skólinn hjartastuðtæki til nota í neyðartilfellum og því fylgdi kennslutæki til að nota á námskeiðum. Foreldrafélag skólans var endurvakið í

september, eftir lægð í starfsemi þess. Ný stjórn var kosin og lögum félagsins breytt, þannig að það gæti líka verið foreldraráð eins og kveðið er um í lögum um framhaldsskóla.

## 5. Rekstur og fjármál.

Rekstur skólans hefur verið erfiður undanfarin ár og horfa þarf í hverja krónu, eins og hjá öðrum ríkisstofnunum. Launaliðurinn er langstærstur og er hækkandi hlutfall af heildarrekstrarkostnaði

Fjármagn til rekstrar var í fjárlögum miðað við 222 ársnemendur, sem var alltof lítið, ársnemendur urðu 240. Árið 2010 er þriðja árið í röð þar sem ekki er tekið tillit til nemendaspár sem skólinn skilar inn til MMR og um leið er gerð krafa um að við gerum rekstraráætlun í takt við fjárlög. Niðurstaðan er að ekki er hægt að gera raunhæfa rekstraráætlun, sem er þó eitt af markmiðum í rekstri skólans. Á árunum 2008 og 2009 fék skólinn aðeins brot af greiðslu fyrir umframnemendur í uppgjöri í árslok. Árið 2010 kemur betur út í nemendauppgjöri þannig að reksturinn skilar smá afgangi, en halli tveggja síðustu ára nemur tæpum 20 milljónum. Rétt er að undirstrika það, að samt hefur verið beitt stífu aðhaldi, kennsla skorin niður, nánast engin eignakaup gerð og þeir rekstrarliðir sem við ráðum, hafa flestir lækkað. Laun hafa lítið breyst en húsnæðiskostnaður (leiga og orka) hefur aukist um 10 milljónir á þessum þremur árum. Almenn hagræðingar-krafa er ekki vandamálið í okkar rekstri, heldur það að fjárlög eru ekki í takt við fjölda ársnemenda. Því miður voru sömu vinnubrögð notuð við fjárlagagerð fyrir 2011, þannig að við höfum áfram verulegar áhyggjur af rekstri skólans. Í meðfylgjandi talnaefni (kafli 6) eru rauntölur úr rekstri áranna 2008 til 2010 bornar saman og þar sést að öll þessi ár hafa fjárlagatölur á þeim tíma sem við gerum áætlun, verið mörgum milljónum of lágar.

## 6. Talnaefni.

Rekstrarkostnaður, fjárlög og afkoma undanfarin ár.

Samanburður á rauntölum 2009 -2011 og rekstraráætlun 2012 (í þúsundum):

	2009	2010	2011	Áætlun 2012
Launakostnaður	165.470	167.513	173.710	181.711
Ferðir o.fl.	2.402	1.664	2.897	1.857
Rekstur	2.842	2.860	3.573	2.550
Þjónusta	6.405	7.122	8.756	4.900
Húsnæði + rafm og hiti	28.534	31.085	28.932	26.950
Fjárm.kostn, tilfærslur ofl	242	160	268	175
Eignakaup	701	35	3.096	3.000
Rekstrarkostnaður alls	206.596	210.439	221.232	221.143

Sértekjur	12.227	11.401	12.028	9.000
Mismunur tekna og gjalda	194.369	199.038	209.204	212.143
Fjárlög	171.700	174.900	187.500	208.900
Raunframlag (greitt úr ríkissjóði)	181.882	201.776	209185	?
<b>Rekstrarniðurstaða:</b>	<b>-12.487</b>	<b>+2.738</b>	<b>-19</b>	<b>?</b>

Braut	Heiti brautar	Fjöldi vor 2010	Fjöldi haust 2010	Fjöldi vor 2011	Fjöldi haust 2011
AN	Almenn námsbraut	39	13	11	10
AN-bók	Almenn námsbraut – bóknámslína	15	19	19	20
AN-íþr	Almenn námsbraut – íþróttalína		8	8	7
AN-ver	Almenn námsbraut - verknámslína	6	5	3	9
FÉ	Félagsfræðibraut	92	99	90	89
GR	Grunnnám rafiðna	9	8	8	12
HÚ9	HÚSASMÍÐI,samningsb. iðnnám	11	1		
MB	Málabraut	3	3	3	1
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	3	2	6	3
NÁ	Náttúrufræðibraut	55	74	63	74
ÓTN	Ótilgreint nám	1	1	2	
SJ	Sjúkraliðabraut	14	14	13	10
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip	7	4		
STB	Starfsbraut	4	7	4	4
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2	4	3	2
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	4	5	5	2
VI	Viðskiptabraut	1	1	1	
VV1	Vélavörður	4			
VV2	Vélstjórnarbraut 2. stig	4	3	1	1

VVA	Vélstjórnarnám 1. stig < 750 kW réttindi		2	3	2	1
VVB	Vélstjórnarbraut VVB <1500 kW réttindi		14	27	24	13
	<b>Samtals</b>		<b>287</b>	<b>301</b>	<b>266</b>	<b>258</b>

Skipting nema eftir námsstöðu						
Fjöldi lokinna eininga	Vor 2009	Haust 2009	Vor 2010	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011
0-20	120	150	102	132	79	73
21-40	47	63	55	46	49	46
41-60	39	42	41	44	39	39
61-80	35	29	31	29	39	40
81-100	20	31	25	19	24	24
101-120	22	14	15	18	21	20
121-140	8	18	16	12	13	14
141-	4	2	2	1	2	2

Fjöldi útskriftanema eftir brautum	FÉ	NÁ	VH	VB	SB	SJ	STB	HÚ9	VVA	VVB	GR06	VV2	Samtals
<b>Vor 2009</b>	3	3		1	5	2						4	18
<b>Haust 2009</b>	5	15	1										21
<b>Vor 2010</b>	7	7		2				8				1	25
<b>Haust 2010</b>	6	7							1				14
<b>Vor 2011</b>	7	5	1	1			1	1		3			19
<b>Haust 2011</b>	6	7	1	1		2					3		20

Fjöldi útskriftanema eftir kyni	KVK	KK
<b>Vor 2009</b>	7	11
<b>Haust 2009</b>	17	4

<b>Vor 2010</b>	15	11 <sup>1</sup>
<b>Haust 2010</b>	11	3
<b>Vor 2011</b>	10	9
<b>Haust 2011</b>	11	9

---

<sup>1</sup> Einn útskrifaðist af tveimur brautum  
Ársskýrsla FÍV 2011

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp <sup>2</sup> Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp <sup>3</sup> eingöngu bóknám
<b>Haust 2008</b>	516	19,5	535,5	16,7	19,9
<b>Haust 2009</b>	455,5	35,5	491	17,3	22
<b>Haust 2010</b>	463	38,5	501,5	18,2	20,4
<b>Haust 2011</b>	433	38,5	471,5	19,2	21,9

Fjöldi nemenda í hóp <sup>4</sup> Bóknám og verknám	Fjöldi hópa 2008	Fjöldi hópa 2009	Fjöldi hópa 2010	Fjöldi hópa 2011
5-10	12	1	15	17
11-15	23	21	13	10
16-20	22	13	13	12
21-25	15	19	18	23
26-30	8	14	11	17
30-	1	1	0	1
<b>Samtals:</b>	<b>81</b>	<b>69</b>	<b>70</b>	<b>81</b>

<sup>2</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>3</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>4</sup> Á haustönn

Ársskýrsla FÍV 2011

Ársskýrsla FÍV 2011